

Föstudaginn 30. október 1942.

Nr. 45/1942. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn

Sigurbirni Jóhanni Guðjónssyni

(Gunnar Þorsteinsson)

og

Þórði Guðna Guðmundssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum, rangur fram-
burður fyrir dómi, hlutdeild og þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 250.00 í málflutningslaun. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00, greiði ákærðu in solidum.

Það athugast, að rannsóknardómarinn hefur sett ákærða Sigurbjörn Jóhann Guðjónsson í gæzluvarðhald í lok rannsóknarinnar, án greinargerðar um ástæður til þess.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði Sigurbjörn Jóhann Guðjónsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 250.00. Ákærður Þórður Guðni Guðmundsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Stefáni Jóh. Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 250.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti,

Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00
greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. febr. 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 4. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 266/267/1942: Réttvisin og valdstjórnin gegn Sigurbirni Jóhanni Guðjónssyni og Þórði Guðna Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 30. janúar sama ár.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurbirni Jóhanni Guðjónssyni bifreiðarstjóra, Laufásveg 50 hér í bæ, og Þórði Guðna Guðmundssyni brjóstsykursgerðarmanni, Reykjavíkurvegi 31 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, og auk þess gegn hinum fyrrnefnda fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Ákærður Sigurbjörn Jóhann Guðjónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. júlí 1914, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1935 $1\frac{1}{8}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir akstur án ljósa.

1935 $1\frac{1}{8}$ Sætt: 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1935 $3\frac{1}{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 150 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1936 $\frac{9}{11}$ Sætt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.

1937 $1\frac{1}{4}$ Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryksingar. Einnig kærður fyrir spellvirkj og smávegis þjófnað á sigarettum. Sú sök var látin falla niður eftir ósk kærands.

1938 $2\frac{9}{11}$ Undir rannsókn fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur. Föll niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. $2\frac{2}{3}$ 1938.

1938 $2\frac{0}{10}$ Kærður ásamt fleiri mönnum fyrir óspektir, en ekki þótti ástæða til réttaraðgerða í málinu.

1941 $2\frac{7}{12}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $\frac{7}{8}$ Kærður fyrir meint ölvunarbrot. Fellt niður.

1941 $2\frac{7}{11}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærður Þórður Guðni Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. nóvember 1912, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Hafnarfirði:

- 1936 $\frac{1}{4}$ Sætt: 30 króna sekt fyrir að hafa 2 farþega í framsæti bifreiðar.
- 1939 $\frac{7}{2}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1939 $2\frac{1}{6}$ Dómur: 200 kr. sekt og sviptur ökuskirteini ævilangt fyrir brot gegn 21. gr. laga nr. 33 1935, og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 70 1931.

Í Reykjavík:

- 1934 $2\frac{6}{7}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 6 mánuði fyrir brot gegn 11. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64 1930, 3. mgr., 5. mgr. og 2. mgr. 6. gr. bifreiðalaga nr. 70 1931, og 30. gr. áfengislaganna nr. 64 1930.
- 1941 $\frac{2}{10}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

I.

Föstudagskvöldið 24. október s. l. voru Þórður Helgi Teitsson nemandi, Bergstaðastræti 81, 15 ára, Ólafur Markússon verzlunarmaður, Bankastræti 10, 17 ára, og Arent Claessen nemandi, Laufásvegi 40, 17 ára, á gangi um miðbæinn. Þeir skýra svo frá, að þeir hafi gengið inn í ganginn á Hótel Heklu fyrir forvitni sakir. Þar sáu þeir tvo menn ganga út, og var annar þeirra ákærði Sigurbjörn, er var klæddur skinnjakka og með leðurtösku við hlið. Hvorugan manninn þekktu þeir. Þórði Helga virtist menn þessir báðir vera undir áhrifum áfengis og vakti athygli félaga sinna á þeim og að nefndur ákærði mundi vera bifreiðarstjóri. Ólafur hefur borið, að ákærði hafi verið sýnilega drukkinn, og Arent, að hann hafi rekizt á húshornið á Hótel Heklu, þegar hann gekk fram hjá því. Menn þessir gengu úr hótelinu eftir Thomsenssundi inn í Hafnarstræti, og veittu vitnin þeim eftirför. Í Hafnarstræti stóð bifreiðin G. 201, sem er 26 manna fólksflutningabifreið, er fer áætluð ferðir milli Reykjavíkur og Mosfellssveitar. Vitnin sáu, að ákærði Sigurbjörn fór inn í bifreið þessa og settist undir stýri hennar og að hinn maðurinn settist í framsætið við hlið hans. Ók síðan bifreiðin af stað austur Hafnarstrætið. Þar sem um svo stóra bifreið var að ræða, taldi vitnið Þórður Helgi sér skylt að gera lögreglunni aðvart og fór því á lögreglustöðina og skýrði frá þessu. Lögregluvarðstjórinn gaf þá lögregluþjónunum, sem voru á verði í miðbænum, fyrirmæli um að stöðva bifreiðina í akstri og færa bifreiðarstjórnann á varðstofuna.

Að sögn vitnisins Þórðar Helga var það um klukkutíma eftir að hann og félagar hans sáu bifreiðinni ekið úr Hafnarstræti, að hann var staddur í Austurstræti hjá verzlun L. H. Müller. Sá hann þá bifreiðinni G. 201 ekið vestur Austurstræti, en ekki tók hann eftir, hver ök bifreiðinni, því að hann flýtti sér mjög til tveggja lögreglu-

þjóna, sem stóðu á horninu við pósthúsið. Hann benti lögregluþjónunum á bifreiðina, og var hún þá að beygja suður Pósthússtræti, og ekki greindu þeir, hver ók henni. Lögregluþjónarnir náðu í bifreið og óku í henni ásamt Þórði Halga á eftir G. 201 suður Pósthússtræti og Skólabrú og síðan norður Lækjargötu, þar til G. 201 nam staðar fast við gangstéttina framan við Lækjargötu 2. Lögregluþjónarnir og vitnið hröðuðu sér út úr bifreið þeirri, sem þeir voru í, og gengu að vinstri hlið G. 201. Sáú þeir þá allir ákærða Sigurbjörn stiga út um vinstri framdyr bifreiðarinnar, sem er rétt hjá bifreiðarstjórasetinu, sem er vinstra megin í bifreiðinni og fast, og er frjáls gangur aftan við það inn í sætin í bekknum fyrir aftan það. Ákærði Sigurbjörn gekk nú aftur með G. 201, og þar spurði annar lögregluþjónninn hann, hvort hann væri ekki bifreiðarstjórinn á G. 201, og samsinnti hann því. Ekki spurðu þeir kærða, hvort hann hefði ekið bifreiðinni, heldur það annar lögregluþjónninn hann að ganga með þeim á lögreglustöðina, og gerði hann það. Sá lögregluþjónanna, er gaf sig strax á tal við ákærða, sá ekki annan mann í bifreiðinni, en hinn lögregluþjónninn leit inn í bifreiðina, strax og hann kom að henni, og sá þá mann sitja á framsæti hennar við hliðina á bifreiðarstjórasetinu. Ekki yrti lögregluþjónninn á mann þenna, og vissi lögreglan því ekki á honum nein deili, er rannsókn málsins hófst. Lögregluþjónninn gekk nú að ákærða Sigurbirni og skeytti ekki um þann, er í framsætinu sat, en þegar hann skömmu síðar opnaði framhurð bifreiðarinnar og leit inn í hana, var maður þessi horfinn. Vitnið Þórður Helgi sá einnig mann þenna, sem hann þekkti fyrir sama mann og hann sá ganga með bifreiðarstjóranum út af Hótel Heklu, sitja í framsætinu við hliðina á bifreiðarstjórasetinu. Hann veitti svo manni þessum ekki athygli um stund, en þegar hann leit stundarkorni síðar þangað, er hann hafði setið, var hann horfinn. Alla þessa frásögn um atburðinn við Lækjargötu 2 véfengdi ákærði Sigurbjörn ekki.

Lögregluvarðstjórinn, sem tók við bifreiðarstjóranum á varðstofu lögreglunnar, taldi víst, að hann hefði ekið, og spurði hann því ekkert út í það, en lét flytja hann í Landsspítalann, þar sem úr honum var tekið blóðsýnishorn, sem við rannsókn sýndi „reduktion“, svarandi til áfengismagns 1,89‰.

Lengst af undir rannsókn málsins skýrði ákærði Sigurbjörn svo frá, að hann hefði verið inni í veitingasalnum á Hótel Heklu umrætt kvöld og neytt þar áfengis við borð hjá útlendingi nokkrum, sem hann vissi ekki nafn á. Hann kveðst hafa fundið á sér áfengisáhrif og hafa vitað, að hann mátti ekki aka bifreið í því ástandi. Hann hafi gengið einn síns liðs út af Hótel Heklu eftir sundinu yfir í Hafnarstræti, en þar í strætinu stóð G. 201, sem hann var bifreiðarstjóri á, en þó nokkru austar en vitnin þrjú, er sáú til ferða hans þarna, hafa borið. Á gangstéttinni rétt við ljósastaur hjá sundinu,

kvaðst hann hafa numið staðar örskamma stund og hitt þar mann, sem hafði bifreiðarstjóraréttindi og beðið hann að aka fyrir sig bifreiðinni. Segist hann þá hafa strax farið inn í bifreiðina og hafi maðurinn setzt undir stýri og ekið austur strætið, en ákærði hafi setzt í sætið rétt aftan við bifreiðarstjórasetið. Síðan hafi maðurinn ekið skemmstu leið að Lækjargötu 2 og hafi sá akstur ekki staðið lengur en um 2—3 mínútur. Í Lækjargötunni urðu atburðir eins og áður er rakið, en ákærði Sigurbjörn hélt því fram, að hann hefði stigið út úr bifreiðinni úr sætinu aftan við bifreiðarstjórasetið, og að maðurinn, sem ók, hafi fært sig úr bifreiðarstjórasetinu og í sætið til hliðar við það, frá því hann stöðvaði bifreiðina og þar til vitnin sáu hann. Ekki hefði maður sá þó þurft að færa sig, til þess að ákærði kæmist út úr bifreiðinni, þó að hann hefði setið í bifreiðarstjórasetinu.

Að málinu upplýstu, svo sem nú hefur verið rakið, var mál höfðað gegn ákærða Sigurbirni Jóhanni fyrir brot gegn áfengis- og bifreiðalögunum og honum skipaður verjandi, hrm. Gunnar Þorsteins-son. Vörn í því máli var skilað 13. f. m. Daginn eftir mætti ákærði, sem allt til þess hafði neitað að skýra frá, hver hefði verið með sér í bifreiðinni og ekið henni, og skýrði frá því, að í umrætt skipti hefði meðákærði Þórður Guðni verið með sér í bifreiðinni og ekið henni. Næsta dag, 15. f. m., var meðákærði Þórður Guðni kallaður sem vitni fyrir lögregluréttinn, og skýrði hann þá frá málavöxtum á þessa leið: Einhverntíma fyrir nokkuð löngu síðan var hann staddur í Reykjavík. Klukkan 9½—10 um kvöldið fór hann einn sins liðs inn á veitingastofuna Heitt og Kalt og borðaði þar kvöldverð. Þaðan gekk hann austur Hafnarstræti og ætlaði að Hafnarfjarðarstrætisvögnunum og fara með þeim heim til sín. Hann gekk inn í sundið vestan við Hótel Heklu, en þar í miðju sundinu, að hann minnir, mætti hann ákærða Sigurbirni Jóhanni, sem er náninn kunningi meðákærða, og er bróðir ákærða Sigurbjörns Jóhanns kvæntur systur meðákærða Þórðar Guðna. Ákærði Sigurbjörn Jóhann kvaðst koma innan af Hótel Heklu og var undir áhrifum áfengis. Þar sem þeir mættust, námu þeir staðar og áttu tal saman nokkur augnablik. Ákærði Sigurbjörn Jóhann sagði meðákærða, að bifreiðin, sem hann æki, stæði úti í Hafnarstrætinu þarna rétt hjá, og þar sem hann var drukkinn, bað hann meðákærða að aka henni fyrir sig að Bifreiðastöð Reykjavíkur, sem hefur afgreiðslu bifreiðarinnar. Meðákærði, sem kveðst hafa verið algáður, var fús til að aka bifreiðinni, sneri við með hinum og gengu þeir sundið yfir í Hafnarstræti og rakleitt að bifreiðinni G. 201, sem stóð nokkuð vestan við sundið og sneri til austurs, og settist meðákærði undir stýrið, en hinn í sætið næst aftan við bifreiðarstjórasetið. Meðákærði setti nú bifreiðina í gang og ók henni austur Hafnarstræti, fram hjá Aðalstöðinni, yfir Lækjartorg og síðan Austurstræti, Pósthússtræti,

Skólabrú og Lækjargötu og nam staðar við Lækjargötu 2, og telur hann akstur þenna hafa staðið yfir í 4—6 mínútur. Strax og hann hafði drepíð á gangvél bifreiðarinnar, færði hann sig undan stýrinu í sætið við hliðina á bifreiðarstjórasætinu og sat þar kyrr ofurlitla stund. Strax og numið hafði verið staðar fór ákærði Sigurbjörn Jóhann út úr bifreiðinni vinstra megin og var þá fullt af fólki úti fyrir bifreiðinni, þar á meðal hermenn, sem ruddust inn í bifreiðina. Meðákærði fór nú út úr bifreiðinni vinstra megin og þurfti því að færa sig undir stýrið aftur og hafði hann engrar lögreglu orðið var á staðnum, þegar hann sté út úr bifreiðinni, en þá sá hann tvo lögregluþjóna leiða ákærða burtu. Gekk þá meðákærði að Hafnarfjarðarstrætisvögnunum og fór með næsta vagni til Hafnarfjarðar. Ekki kom hann inn á Hótel Heklu þetta kvöld.

Þegar meðákærði hafði gefið þenna vitnisburð, var honum bent á hín ýmsu atriði, sem fram höfðu komið í málinu og gerðu framburð hans ósennilegan, og var hann alvarlega og ítrekað áminntur um sannsögli, en hann kvaðst hafa sagt satt frá.

Að réttarhaldi því loknu, er framangreindur vitnisburður meðákærða var gefinn í, var meðákærði settur í varðhald til að afplána sekt. Síðar um daginn játaði hann, að framburður sinn hér að framan væri í verulegum atriðum rangur, og skýrði þá frá málinu á þessa leið:

Umrætt kvöld hittust ákærðu af tilviljun á Lækjartorgi, báðir algáðir, og kom þeim saman um að fá sér í staupinu. Þeir gengu yfir í Hafnarstræti, þar sem bifreiðin G. 201 stóð, og keyptu þar af manni, sem þeir þekktu ekki, eina áfengisflösku, er þeir greiddu til helminga hvor. Þeir fóru með flöskuna inn í veitingasalinn á Hótel Heklu, settust þar við veitingaborð, keyptu öl, helltu áfenginu saman við það og neyttu síðan. Fengu þeir sér báðir tvisvar út í glösin, og fann meðákærði á sér áfengisáhrif af þeirri drykkju. Síðan gengu þeir út, og hafði meðákærði flöskuna á sér. Þeir gengu rakkleitt yfir í Hafnarstræti gegn um margnefnt sund við Hótel Heklu og inn í bifreiðina, sem stóð á sama stað og frá er skýrt í fyrri framburði meðákærða. Ákærði Sigurbjörn Jóhann settist undir stýri bifreiðarinnar og meðákærði við hlið hans. Síðan ók ákærði bifreiðinni þá leið að Lækjargötu 2, sem rakin er í fyrra framburði meðákærða, og sat meðákærði við hlið hans alla leiðina og ók alls ekkert. Er þangað kom, fór ákærði út úr bifreiðinni, og tók lögreglan hann. Meðákærði fór einnig út og gekk að Hafnarfjarðarstrætisvögnunum og fór heim til sín með næsta vagni.

Þá skýrði meðákærði svo frá, að ákærði hefði fyrir löngu komið til sín suður í Hafnarfjörð og spurt sig, hvort hann vildi kannast við að hafa ekið bifreiðinni í umrætt skipti, og kvaðst meðákærði skyldu gera það, ef hann yrði kallaður fyrir rétt. Hinn 14. f. m. kom ákærði til meðákærða í Hafnarfirði og spurði hann, hvort hann

vildi kannast við að hafa ekið bifreiðinni, og sagðist ákærði vera hræddur um, að hann missti að öðrum kosti bifreiðarstjóraréttindin. Það var meðákærði fús til að gera, og ákváðu þeir þá, að meðákærði skyldi skýra frá því fyrir réttinum, að hann hefði ekið bifreiðinni, og að hann skyldi bera þann vitnisburð í málinu, sem lýst var hér að framan, og átti ákærði Sigurbjörn hugmyndina að þeirri frásögn, enda kom þeim saman um, að framburðir þeirra þyrftu að vera samhljóða, og er fyrri framburður meðákærða Þórðar Guðna mjög í samræmi við þær skýrslur, er ákærði Sigurbjörn hafði áður gefið í málinu. Ekki bauð ákærði Sigurbjörn meðákærða nein friðindi fyrir að bera hið ranga vitni né hót-aði honum neinu, ef hann gerði það ekki.

Þegar þessi framburður meðákærða var gerður ákærða Sigurbirni kunnur, kannaðist hann við að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis í umrætt skipti og að hafa farið þess á leit við meðákærða, að hann kannaðist fyrir rétti við að hafa ekið bifreiðinni. Síðari framburð meðákærða, sem rakinn er hér að framan, játaði hann að öllu leyti sannan vera. Kannaðist hann við að hafa sagt meðákærða aðalatriðin úr þeim framburði, er hann hafði gefið um málið, og kom þeim saman um, að meðákærði skyldi hafa sinn framburð samhljóða þeirri frásögn eða sem næst því.

Ástæðan til þess, að ákærði bað meðákærða að bera rangan vitnisburð í málinu, var ótti hans við að missa bifreiðarstjóraréttindin, en ákærði kveðst vera brjóstveill og eiga erfitt með aðra vinnu en bifreiðarstjórn. Ákærðu eru nánir kunningjar og hafa þekkst árum saman og eru tengdir, svo sem að framan greinir.

II.

Fimmtudaginn 22. f. m. voru tveir menn, sem unnu hjá Eimskipafélagi Íslands, þeir Guðmundur Magnússon og Hrólfur Sigurjónsson, sendir vestur í vörugeymsluhús félagsins í Haga til að flytja þaðan þrjá vörukassa, og stýrði ákærði Sigurbjörn Jóhann vörubifreið þeirri, er þeir fóru með og flytja átti vörurnar á. Meðan þeir voru í vörugeymsluhúsinu og Hrólfur vék sér frá, tók ákærði, að Guðmundi ásjáandi, tvo strausykurpoka úr hlaða, er þarna var, setti þá á bifreiðina og sagði við Guðmund, að hann skyldi þegja um þetta. Rétt á eftir kom Hrólfur, og sagði Guðmundur honum, hvað við hefði borið, og talaði Hrólfur um það við ákærða, en hann svaraði því litlu eða engu og hló við. Ákærði fór svo með sykurpoka úr vörugeymsluhúsinu, og urðu mennirnir honum samferða inn í bæinn, en fóru þar af og sögðu einum skrifstofumanni félagsins þegar frá töku pokanna, en hann óskaði þegar aðstoðar lögreglunnar. Ákærði kannaðist þegar við að hafa tekið pokana á þann hátt, er að framan greinir. Hann fór með pokana á bifreiðastöð eina hér í bænum og sendi bifreið með þá

til Hafnarfjarðar, og ætlaði hann að nota þá til sөлgætisgerðar, er hann og meðákærði Þórður Guðni eiga í Hafnarfirði. Lögreglan fór þegar með ákærða til Hafnarfjarðar og sótti pokana, og var þeim skilað til verkstjóra Eimskipafélags Íslands.

III.

Með því að aka bifreiðinni undir áhrifum áfengis hefur ákærði Sigurbjörn Jóhann brotið 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 23. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, með neyflu áfengis inni í veitingahúsi hefur hann brotið 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. áfengislaganna, með því að fá meðákærða Þórð Guðna til að bera ljúgvitni í málinu hefur hann brotið 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, og með töku strausykurpokanna hefur hann brotið 245. sbr. 244. gr. hegningarlaganna. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhaldstími ákærða frá 24. f. m. komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, og samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann æfilangt rétti til að stýra bifreið.

Með hinum ranga vitnisburði hefur meðákærði Þórður Guðni brotið 142. gr. 1 mgr. hegningarlaganna, og með neyflu áfengis inni í veitingahúsi hefur hann brotið 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. áfengislaganna. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hinn 21. júní 1937 var meðákærði Þórður Guðni, eins og áður er frá skýrt, sviptur bifreiðarstjóraréttindum æfilangt fyrir ítrekaða ölvun við bifreiðarakstur, en þau réttindi hefur hann fengið aftur með náðun. Nú þykir samkvæmt 68. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með hliðsjón af 20. gr. 6. mgr. bifreiðalaganna rétt að svipta hann bifreiðarstjóraréttindunum æfilangt.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið víðalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurbjörn Jóhann Guðjónsson sæti fangelsi í 5 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 24. janúar 1942 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Þórður Guðni Guðmundsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Þeir eru og frá sama tíma sviptir ævilangt rétti til að stýra bifreið.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrm. Gunnars Þorsteinsonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1942.

Nr. 70/1941. **Pétur A. Ólafsson**

gegn

Þórði Aðalsteinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur A. Ólafsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. október 1942.

Nr. 28/1942. **Sigurður Berndsen**

gegn

H/f Keili.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, h/f Keili, sem hefur mætt í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 80.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.